

fólk með skerta vinnugetu, gera spjaldskrá yfir fyrirtæki, er slíkum störfum ráða, og vinna að því, að þeir fái aðgang að þessum störfum.

Þeir, sem notið hafa endurhæfingar, skulu að öðru jöfnu, eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum.

17. gr.

Um styrk til einstaklinga vegna læknisfræðilegrar endurhæfingar, vegna gervilima- og tækjakaupa fer eftir ákvæðum laga um almannatryggingar.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1970.

Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

L Ö G

um heimild til hækkunar kvóta og framlags Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 15 milljónum Bandaríkjadollara í 23 milljónir Bandaríkjadollara.

Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að semja um hækkun á framlagi Íslands hjá Alþjóðabankanum úr 15 milljónum Bandaríkjadollara í 18.4 milljónir Bandaríkjadollara.

Til þess að standa straum af hækkun framlagsins heimilast ríkisstjórninni að taka lán í Seðlabankanum, er jafngildi allt að 340.000 Bandaríkjadollurum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. apríl 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.